

## FRÁSÖGN

af fundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg 23.–27. apríl 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Rósa Björk Brynjólfsdóttir, formaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, varaformaður, og Bergþór Ólason, auk Bylgju Árnadóttur ritara. Helstu mál þingsins að þessu sinni voru spillingarmál innan þingsins, átökin í Sýrlandi, Kaupmannahafnaryfirlýsing ráðherranefndar Evrópuráðsins og málefni fjölmiðla.

Daginn fyrir þingið var skýrsla óháðrar rannsóknarnefndar um spillingarmál innan Evrópuráðsþingsins (e. *Independent Investigation Body on the allegations of corruption within the Parliamentary Assembly*) kynnt framkvæmdastjórn og í kjölfarið birt opinberlega. Í skýrslunni koma fram vitnisburðir um óeðlilega náð samband ýmissa núverandi og fyrrverandi Evrópuráðsþingmanna við stjórnvöld í Aserbaídsjan. Á fyrsta degi þingsins var ákveðið að halda tvær umræður um knýjandi málsmeðferð (e. *debate under urgent procedure*), aðra um rannsóknarskýrsluna og hina um Kaupmannahafnaryfirlýsinguna, sem ráðherranefndin gaf út hinn 13. apríl í ár. Einnig samþykkti þingið beiðni Íslandsdeildar um að halda sérstaka umræðu (e. *current affairs debate*) um hlutverk Evrópu í friðarumleitunum í Sýrlandi.

Í kjölfar umfjöllunar þingskapanefndar um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og umræðna á þinginu var samþykkt ályktun um eftirfylgni skýrslunnar. Í ályktuninni er hvatt til raunverulegra breytinga á störfum þingmanna og viðhorfum þeirra. Tekið er fram að það hafi ekki verið á færi rannsóknarnefndarinnar að sanna sekt þeirra sem hún fjallaði um og að frekari rannsókn eða saksókn fyrir ólögmetar gjörðir í starfi verði að vera á höndum stjórnvalda aðildarlandanna. Þjóðþing aðildarríkjana eru beðin um að gera videigandi ráðstafanir í þeim tilvikum sem nefnd eru í skýrslunni.

Anders Samuelsen, utanríkisráðherra Danmerkur, flutti skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins, og lagði þar áherslu á meginmarkmið Dana í forsæti Evrópuráðsins, sem eru umbætur á mannréttindalöggjöf Evrópu. Hann sagði að í yfirlýsingu frá fundi ráðherra Evrópuráðsins í Kaupmannahöfn fyrr í mánuðinum hefði verið skýrt að meginábyrgð á verndun mannréttinda væri á höndum ríkisstjórna, þinga og dómstóla í aðildarlöndunum. Styrkja þyrfti tengingu mannréttinda við lýðræðið og tryggja þannig þróun mannréttinda. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir beindi fyrirspurn til ráðherra, fyrir hönd flokkahóps jafnaðarmanna, um hvatann að ákalli Dana um umbætur á Mannréttindadómstóli Evrópu. Hún benti á að Samuelsen hefði áður lýst því hvernig Dönum gremdist það hvernig Mannréttindadómstóllinn hefði hlutast til um brottvísun erlends fanga frá Danmörku. Þórhildur Sunna spurði ráðherrann hvernig hann gæti réttlætt að draga úr sjálfstæði og hlutleysi dómstólsins í þágu pólitískra hagsmuna heima fyrir. Samuelsen benti á að 47 aðildarríki Evrópuráðsins hefðu samþykkt Kaupmannahafnaryfirlýsinguna og að á ráðstefnunni hefðu ríkin staðfest skuldbindingu sína gagnvart mannréttinasáttmála Evrópu. Í yfirlýsingunni væri sett fram skýr sýn á skilvirkari, einbeittari og hlutlausari sáttmála, sem væri jákvætt fyrir framtíð hans.

Í umræðu samkvæmt knýjandi málsmeðferð um Kaupmannahafnaryfirlýsinguna var Þórhildur Sunna Ævarsdóttir framsögumaður skýrslu laga- og mannréttindanefndar. Hún benti á að mannréttinasáttmálinn og umhverfi hans væri í viðkvæmu jafnvægi. Þessu jafnvægi yrði raskað ef ríki virtu ekki skuldbindingar sínar eða sjálfstæði dómstólsins. Í tilmælum sem þingið samþykkti á grundvelli skýrslunnar er bent á að í Kaupmannahafnaryfirlýsingunni séu ekki lagðar fram tillögur að lausnum á þeim vanda sem dómstóllinn standi frammi fyrir. Vandinn felist í óskilvirkri innleiðingu mannréttinasáttmálans í aðildarlöndum hans og skorti á framfylgd dóma Mannréttindadómstólsins. Í yfirlýsingunni sé óskýr tilvísun í samræður (e. *dialogue*) milli aðildarríkja sáttmálans og dómstólsins, sem gæti stofnað sjálfstæði Mannréttindadómstólsins í hættu. Tilmælin voru samþykkt með 43 greiddum atkvæðum en 3 sátu hjá.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir var framsögumaður í sérstakri umræðu um hlutverk Evrópu í friðarumleitunum í Sýrlandi. Í ræðu sinni lagði Rósa Björk áherslu á mikilvægi þess að ríki Evrópu öxluðu aukna ábyrgð. Hún hrósaði Evrópusambandslöndum fyrir framlög þeirra til mannúðaraðstoðar í Sýrlandi en benti á að Evrópulönd þyrftu að leggja meira af mörkum en bara fjármagn. Undanfarin sjö ár hefðu verið gerðar tilraunir til friðarviðræðna milli átakaaðila, með aðkomu ýmist Sameinuðu þjóðanna, Rússa eða Bandaríkjamanna, en án árangurs. Evrópulöndin bæru ábyrgð á að stöðva hryllinginn sem ætti sér stað í Sýrlandi og að það yrði ekki gert með hernaðaraðgerðum á borð við þær sem Frakkar og Bretar hefðu tekist á hendur ásamt Bandaríkjamönnum rúmri viku áður. Enn fremur benti Rósa Björk á að átökin í Sýrlandi hefðu haft áhrif á öllu svæðinu og nú væri svo komið að nágrannaríki á borð við Jórdaníu, Líbanon og Tyrkland væru að kikna undan álagi vegna flóttamannastraumsins frá Sýrlandi. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir tók einnig til máls og sagði undanfarin sjö ár hafa sýnt fram á að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna væri ófært um að gæta friðar og öryggis í heiminum. Hún hvatti Evrópulönd til að nýta hernaðarmátt sinn fremur til að sinna mannúðaraðstoð við Sýrlendinga og benti á að Evrópa gæti fært Sýrlendingum frið með því að bjóða sýrlenska flóttamenn velkomna. Enn fremur hvatti hún þingið til að beina þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að stuðla að stofnun alþjóðlegs dómstóls í málefnum Sýrlands og styðja við söfnun sönnunargagna um stríðsglæpi.

Þingið samþykkti tvær ályktanir um fjölmiðla, aðra um verndun heiðarleika í fjölmiðlun og hina um stöðu fjölmiðlafólks í Evrópu. Í ályktununum eru aðildarríki Evrópuráðsþingsins hvött til að bregðast við viðsjárverðri þróun í fjölmiðlun og þar eru nefndar sem dæmi falsfréttir og sífellt erfiðara rekstrarumhverfi fjölmiðla sem leiði til samþjöppunar á eignarhaldi með tilheyrandi áhrifum á atvinnuöryggi fjölmiðlafólks. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir var framsögumaður í álitilaga- og mannréttindanefndar um ályktun um stöðu fjölmiðlafólks í Evrópu. Þórhildur Sunna talaði fyrir því að í ályktuninni væri lögð aukin áhersla á persónulegt og líkamlegt öryggi fjölmiðlafólks í Evrópu, sérstaklega í ljósi morða á fjölmiðlafólki undanfarna mánuði. Einnig benti hún á að nauðsynlegt væri að víkka út skilgreiningu á fjölmiðlafólki þannig að hún næði yfir álitsgjafa og bloggara.

Í ályktun Evrópuráðsþingsins um loftslagsbreytingar og innleiðingu Parísarsamkomulagsins voru aðildarríki Evrópuráðsins hvött til að leiða aðgerðir til að stuðla að framfylgd samkomulagsins. Rósa Björk Brynjólfssdóttir tók til máls fyrir hönd flokkahóps sameinaðra evrópskra vinstrimanna og ítrekaði mikilvægi þess að aðilar Parísarsamkomulagsins öxluðu ábyrgð sína og ynnu að framfylgd þess. Hún benti á að þrátt fyrir að Íslendingar væru í fararbroddi í notkun endurnýjanlegrar orku þá myndu íslensk stjórnvöld eiga erfitt með að ná þeim markmiðum sem þau hefðu sett sér í samkomulaginu. Þetta sýndi fram á að ríki heims mættu ekki sofna á verðinum og þyrftu öll að leggjast á eitt til að tryggja sjálfbæra framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Þingið samþykkti einnig ályktanir og tilmæli um að stöðva aðgengi hryðjuverkahópsins Íslamska ríkisins að fjármögnun, um vegalaust fólk innan eigin lands, ástandið í Líbíu og hlutverk Evrópuráðsins, lagaflækjur í tengslum við blönduð stríð, baráttuna gegn skipulagðri glæpastarfsemi, sýklalyfjaónæma berkla í Evrópu og um aðlögun og valdeflingu flóttabarna fyrir tilstilli skyldunáms.

Fastanefndir Íslands og Danmerkur gagnvart Evrópuráðinu, ásamt Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, stóðu fyrir rakarastofuviðburði (e. *barbershop*) á þinginu um kynjamismunun á opinberum vettvangi. Þátttakendur í pallborði voru Thorbjörn Jagland, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, og Rósa Björk Brynjólfssdóttir, formaður Íslandsdeildar.

Samhliða þinginu fundaði sérnefnd um hlutverk og verkefni þingsins. Einnig hélt Íslandsdeild fundi með Thorbjörn Jagland, og með landahópi Norðurlanda og Eystrasaltslanda. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og á vefsvæðinu [www.assembly.coe.int](http://www.assembly.coe.int).